



Verkfræðingafélag Íslands

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál. Mál nr. 33/2023.

Í inngangi að Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál kemur fram að hún byggist m.a. á vinnu starfshópa sem hver um sig hefur fjallað um húsnæðismál. Í Grænbókinni er húsnæðismálum gerð ágæt skil og ber að fagna því.

Hins vegar kemur á óvart að á bls. 38 í Grænbókinni (3.5 Regluverk, stjórnýsla og framkvæmd í byggingarmálum) er umfjöllun um mannvirkjamál sem er ekki í samhengi við annað efni skýrslunnar. Þessi kafli virðist hafa ratað inn í skýrsluna fyrir einhverja slysi. Þar sem VFÍ er stærst fagfélaga ráðgjafa og vísindamanna í mannvirkjageiranum telur stjórn þess mikilvægt að fjalla ítarlega um framangreindan kafla.

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) er fullkomlega sammála því að æskilegt sé að einfalda regluverk og umgjörð byggingariðnaðarins.

Því miður hefur sú vegferð, sem hafin er í þessa veru, hugsanlega einfaldað ferla fyrir byggingaraðila en hún hefur stóraukið hættu á göllum í byggingariðnaðinum og ekki bara aukið áhættu á þeim heldur eru gallar í byggingariðnaði himinhrópandi í dag, þó vissulega finnist margar jákvæðar undantekningar.

Í kafla 3.5 kemur fram að mjög hefur verið horft til gagnrýni OECD og ýmissa samtaka í atvinnulífinu á umgjörð byggingarmála. Hins vegar er hvergi minnst á gagnrýni helstu fræðimanna Íslendinga í byggingarmálum á aðgerðir yfirvalda á því sviði. Þessir aðilar eru einhuga í sinni afstöðu og hafa sett fram harða gagnrýni á opinberum vettvangi um margra áratuga skeið. Á þetta hefur ekki verið hlustað né heldur gagnrýni neytenda; kaupendur húsnæðis, sem hafa margoft lýst sárri og kostnaðarsamri reynslu sinni af þjónustu byggingariðnaðarins. Þar hefur ekki verið kvartað yfir seinvirkum ferlum heldur skorti á opinberu eftirliti, himinhrópandi skorti á afskiptum opinberra stofnana, sem eiga að sinna byggingarmálum og neytendavernd, af göllum sem setja ævisparnað eigenda húsnæðis í hættu.

Tilfærsla eftirlits og úttekta frá opinberum óháðum aðilum til byggingarstjóra sem oft eru starfsmenn byggingaraðila hefur einnig verið gagnrýnd harðlega en ekki er minnst einu orði á þá gagnrýni í Grænbókinni. Þess ber þó að geta að alvöru fyrirtæki leggja metnað sinn í að hafa hæfan, óháðan og reynslumikinn byggingarstjóra sem er lykillinn að vel heppnuðu gallalausum mannvirki.

Allar breytingar undanfarinna ára hafa stefnt að því að draga úr raunverulegu faglegu eftirliti í byggingargeiranum og auka „pappírseftirlit“ sem enginn fylgir eftir. Um leið og

pappírstaflarnir af svokölluðum gæðaskjölum hlaðast upp, hlaðast upp stefnurnar vegna gallamála hjá dómstólunum. Með Grænbókinni er enn róið á sömu mið.

Vissulega er þessi þróun alþjóðleg og knúin áfram af gífurlega sterkum hagnaðardrifnum eftirlitsiðnaði sem teygir sig um allan heim en enginn hefur enn sýnt fram á að þessi þróun hafi komið neytendum á þjónustu byggingariðnaðarins til góða. Það er vert að hafa í huga að enn fara sérfræðingar yfir teikningar í Þýskalandi í hjarta Evrópu og þar er ekki bara verið að ýta skjölum fram og aftur heldur eru settar fram raunverulegar athugasemdir og endurbætur sem mark er tekið á.

Enginn vísindamaður eða ráðgjafi í byggingarmálum, sem stigið hefur fram á opinberum vettvangi, er sammála þeirri ráðstöfun síðustu ríkisstjórnar að leggja niður þá stofnun sem fylgdist með byggingarmálum Íslendinga og greip inn í með beinum eða óbeinum hætti, þ.e. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. VFÍ telur að stofnun samkeppnissjóðs eins og Asks í byggingariðnaði sé framfaraspor en sjóðurinn er of veikburða og kemur engan veginn í staðinn fyrir stofnum sem horfir miðlægt á iðnaðinn sem slíkan, inniheldur stofnanaminni, sem er mjög mikilvægt, og fer yfir þær lausnir sem verið er að nota hverju sinni. Í dag er flóðbylgja af nýjum lausnum og efnum algjörlega eftirlitslaus og VFÍ telur að núverandi fyrirkomulag við úrvinnslu CE merkinga á Íslandi sé algjörlega ófullnægjandi.

Ástandið er grafalvarlegt. Það leka allir gluggar í heilu hverfunum á Íslandi og ekkert í Grænbókinni mun koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram. Það má færa sterk rök fyrir því að aðgerðir stjórnvalda í byggingarmálum hafi ýtt undir slíka þróun fremur en hitt.

Í kafla 3.5 eru fögur fyrirheit um að taka á gallamálum með því að efla rafræna stjórnslu, endurskoða regluverk, efla tryggingarvernd fasteignaeigenda og efla fræðslu og rannsóknir. Þetta er kunnuglegt stef en upphafið á vegferð stjórnvalda lofaði ekki góðu þegar lögð var niður sú stofnun sem í raun sinni þessu málefni.

Það vantar að gerðar séu stöðugar úttektir á húsbyggingum og prófanir á efnum og lausnum og það skortir vald til að grípa inn í og koma í veg fyrir að neytendur sitji uppi með álíka hræðilega reynslu og kom fram í fjölmiðlum nýlega. Ekkert í Grænbókinni er nógu beinskeytt til að taka á slíkum málum.

VFÍ er ánægt með áherslu kafla 3.5 á vistvæna mannvirkjagerð. HMS hefur nýlega staðið fyrir merkilegum og tímabærum breytingum á kröfum um sementsmagn í steypu. Öfugt við grunntóninn í Grænbókinni var þeim náð með breytingum á tæknilegum kröfum í byggingarreglugerð. Ýtt hefur verið undir notkun annarra efna en steypu í byggingariðnaði en því miður hefur skortur á opinberu, beinskeyttu eftirliti og almennri upplýsingagjöf orðið til þess að margar timburbyggingar eru byggðar á kolrangan hátt og eiga eftir að skapa mikil raka- og myglukennd vandamál í framtíðinni. Það má ekki gleyma því að lífrænn byggingarmáti er ekki bara vistvænn heldur myglunni mjög að skapi ef ekki er gætt að því að timbur og raki eiga enga samleið ekki heldur á byggingarstigi. Þetta er þverbrotið í dag.

VFÍ vill benda á áhættu sem felst í lífsferilsgreiningum sem með réttu er hampað í kafla 3.5 en það er, að inn í lífsferilskostnað kemur ríkjandi vaxtastig á líftímanum og ríkjandi vaxtastig á Íslandi ýtir mjög undir fúsk. Hátt vaxtastig í slíkum greiningum ýtir undir að velja aðferðir sem kalla á lágan upphafskostnað, óháð dýrum viðhaldsaðgerðum síðar meir, þar sem núvirtur framtíðarkostnaður hverfur með háum vöxtum. Í Grænbókinni er mjög stíft róið á sömu mið þ.e. að lækka upphafskostnað mannvirkjagerðar.

Í heild telur VFÍ að kafli 3.5 innihaldi ýmsar framfarir í byggingarmálum einkum það sem snýr að vistvænum byggingarmáta og stofnum Asks. VFÍ telur jákvætt að innleiða miðlæga rafræna mannvirkjaskrá en enn er fullkomlega ómótað hvernig hún á að vera notuð og hvað má fara þangað inn af upplýsingum sem snerta hagsmuni einstakra fyrirtækja í iðnaðinum en kafli 3.5 snýst að töluverðu leyti um að einfalda þeim lífið.

Þungamiðjan í umfjölluninni liggur í að einfalda alla ferla þannig að lækka megi upphaflegan byggingarkostnað en það gleymist að sá kostnaður er einungis brot af endanlegum kostnaði. Það eru neytendur sem sitja uppi með seinni tíma kostnað en rödd þess hóps hefur að mati VFÍ ekki ratað inn í Grænbókina.

Reykjavík, 1. mars 2023.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.